



Paradísarauðn. 1987. 200x140 sm.

Ég var í grafík á þessum skólaárum '74 til '78 og þegar ég kem heim stunda ég hana dálítið en fer fljótlega að einbeita mér að málverkinu. Tek það alveg fyrir eins og ég hafði gert með móldeikningu og grafík. Fer að einbeita mér að litnum, forminu og innihaldinu líka.

Ég held ég sé alveg sokkinn inn í málverkið. Mig langar stundum til að nota grafík svona til hliðar en málverkið er svo krefjandi að ég hef ekki tíma né aðstöðu til þess. En það er svona draumur, að geta notað hana með.

— Hvað ertu að mála?


— Ég mála manneskjuna. Það hef ég alltaf gert. Einu sinni málaði ég hápólítískar myndir, tók Vítanam-stríðið fyrir, málaði svokallaðar atvinnulífsmyndir. Myndir mínar hafa alltaf fjallað um manninn. Manninn í heiminum. Manninn í þjóðfélaginu. Svo reyni ég að túlka manninn, samskipti hans, kynjanna, togstreitu þeirra á milli og reyni að túlka þetta sálræna utanaðkomandi álag sem maðurinn er undir. Svo er það fegurðin...

Þegar ég hverf frá atvinnulífsmyndunum þá er eins og ég fari úr ytri veruleikanum í þann innri. En þó losnar maðurinn aldrei við ytri veruleikann. Maður hlýtur alltaf að hafa hann yfir höfði sér. Ég held ég sé líka að reyna að túlka það.

Sjáðu til, maður býr við ofboðslega fegurð, eins og við sáum áðan úti. Svo er nú allur ljótleikinn. Í heimsósómamyndum mínum var ég að túlka hann. Síðan fer maður að spekulera í því hvort það vanti ekki alla fegurðina. Hvort hún hafi ekki orðið svoltíð útundan. Bæði í málverkinu og öllum okkar lífsháttum.

Manneskjan hlýtur að hafa mikla þörf fyrir fegurð. Ef hún kastar sér úti efnishyggjuna verða öll andlegu verðmætin undir. Maður er inni borg, á þönum allan daginn, hugsandi um hluti. Það gleymdist að það er til eitthvað sem er fallett og kostar ekki neitt. Þá þarf ekkert að fara langt til að uppgötva fegurð, — aðeins að opna augun. Hún hlýtur nefnilega að vera inni okkur öllum. Hún býr með okkur en fær kannski lítið pláss í nútímanum.

Það hefur verið mikið um það í Nýja málverkinu, að lýsa ljótleikanum. Þar var gengið út frá því að heimurinn væri ljótur,



Nærvera. 1987. 80x100 sm.

— sem hann þarf alls ekki að vera. Um þetta leyti fer ég að hugsa sem svo: hvers vegna ekki að lýsa andstæðunni — fegurðinni. Sástu Blue Velvet? Þar var æðislegri fegurð og svakalegum ljótleika stillt saman og þessum andstæðum lýst á rosalegan hátt. Sakleysinu. Fegurðinni og svo ljótleikanum.

— Ertu þá núna að mála fegurð manneskjunnar?

— Fegurð hennar og einhvern veginn byrðina sem hún verður að axla...

Mér finnst maðurinn mjög heillandi viðfangsefni. Bæði maðurinn sem vera og maðurinn sem hugsandi siðmenntuð vera. Ég er oft að hugsa um siðmenntunina í heiminum. Hvað erum við komin langt í siðmenntuninni? Það sem við sjáum í sjónvarpinu frá útlöndum er ekki beint fréttir af siðmenntun — stríð, hörmungar... — ég sé enga siðmenntun þar. Hvað er siðmenntun? Trúarbrögð eru ákveðin siðmennt-

un en það breytir enginn alveg eftir því sem Jesús sagði.

Innst inni held ég að maðurinn eigi alla möguleika á að verða betri. Hann er hvort tveggja lífill og stór: lífill þegar hann er skoðaður í heimsmyndarvinkil. Svo getur hann verið stór heima hjá sér og í verkum sínum. Og ef maður hugsar um lífið þá er það stórfenglegur hlutur sem ekki má skemma. Ég held að manneskjan sé í eðli sínu góð en það sé eitthvað utanaðkomandi sem gerir að hún fer yfir sín mörk og verður grim.

Mig langar til að gera fallegar myndir og að áhorfandinn finni til einhvers í sér. Höfða til hins fagra í okkur. Það er gott að sjá eitthvað fallett. Hversdagsleikinn verður að vísu grárri en samt — auðveldari. Það er ekki þar með sagt að ég sé að búa til eitthvert meðal.

Mér finnst ég alltaf hafa verið að fást við ákveðinn realisma. Líka það sem ég er að gera núna. Þó bollinn sé ekki eins og bollinn og manneskjan ekki lík manneskju á ljósmynd. Raunsæi er ekki bara hlutveruleikinn. Raunsæi getur líka verið hugsun þín.

Mér finnst stundum eins og fólk sé svoltíð hrætt við að taka inn á sig mjög tilfinningarlíkar myndir, finnst þær óþægilegar. En... ég veit það ekki. List á alltaf að vekja, hún á að segja eitthvað og skipta máli. Og öll góð list skiptir máli.

— Ljóðrænar...

— Já, eitthvað ljóðrænni með árunum. En það er kannski ekki óeðlilegt. Maður var að yrkja mikið á skólaárunum og maður hefur tekið það inni málverkið. Mér finnst ég hafa mjög ljóðræna tjáningarpörf. Ég held að það sé bara gott og líka gott fyrir málverkið.

— Sterkir litir...

— Finnst þér þeir sterkir? Maður malar bara eins og manni býr í brjósti hverju sinni.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir málara að vera óháður einni ákveðinni tækni. Ég hef aldrei skilið fordóma gagnvart litum. Það hlýtur að vera mjög bindandi. Maður þjónar bara málverkinu og getur ekki annað. Það getur allt gerst á

hugmyndir. Vinnan er svo gefandi. Vinnan er svo frjósöm.

— Ertu að halda áfram því sem gömlu málaraðrin voru að gera?

— Myndlist á Íslandi er svo ung. Við höfum landslagið og það hefur verið málað. En það er lítil hefð fyrir manneskjum í íslenskrum myndlist.

Málverkið byrjar með þeim Þórarni B., Ásgrími og Kjarval og þeir byrja að túlka eða tjá landið — landið er svo sterkt í vitund Íslendinga. Þegar bændamenningin gamla flyst í borg þá tekur fólk landið með sér inni stofu. Síðan kemur abstraktið og það flæddi útum allt. Nú finnst mér íslenskir málara taka manneskjuna meira fyrir. Náttúrulega hefur hún alltaf verið í bókmenntunum. En hún hefur verið lengi að koma inni málverkið.

— Finnst þér þú vera einhverskonar „Palli var einn í heiminum“?

— Ég hef verið utangarðsmaður í málverkinu alla tíð en tímarnir hafa líka breyst.

Abstrakt-málaraðrin t.d., þeir héldu hópinn. Bökkudu hver annan upp og ruddust inn. Þessir menn tóku upp erlenda strauma, komu hingað og bættu inn einhverju þjóðlegu.

Það er ekki eins mikil harka í tíðarandanum í dag. Það er engin ein stefna alls ráðandi og kannski er ekki annað hægt. Áður var bara Listamannskálinn og sýning þar var stórvíðburður, menn voru kannski þrjú ár að undirbúa sýningu. Þetta er öðruvísi í dag.

Einhvern veginn finnst mér að listamenn hafi verið meira metnir áður fyrr. Þjóðin vissi að hún þyrfti að eiga þessa menn. Þetta var partur af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að eiga listamenn, eignast Þjóðleikhús o.fl.

Á tímabili abstraktsins var mikil umræða í gangi um list. Þó menn hafi stundum verið óvægirnir og sumir orðið úti í kuldanum. Það var rifist og skammast, en líka verið að tala um grundvallaratriði í list.

Ef maður hugsar um alla þessa fjölmiðlun í dag, þá er bara verið að tala við einhvern um eitthvað. Við höfum t.d. ekkert sértímarit um list. Nú er eins og öllum sé sama og voðalegt umburðarlyndi í tísku.

Tökum „prófessjónal“ list og frístundalist. Það er ekki mikill greinarmunur gerður á þessu tvennu í umfjöllun um list. Maður sem hefur stundað myndlist í þrjátíu ár og lagt allan sinn tíma og metnað til, fær ekki svo ósvipaða umfjöllun og sá sem stundar hana í fríunum sínum. Þetta er slæmt. Hugsaðu þér ef ég mundi opna tannlæknastofu eða færi að gera við flugvélar í frístundum.

Það vantar alla umræðu um hvað er góð og vond list.

Svo er annað, menn eins og Kjarval, Jón Stefánsson og fleiri, þeir máluðu topplandslagsmyndir. En það hefur ekki skilað sér. Fólk sér landslagsmynd og segir: — Já, þetta er landslagsmynd — og síðan ekkert meir. Fæstir gera greinarmun á, hvort þar er á ferð landslagsmynd af tilfinningu eða ekki.

Ég held að hér hafi skólakerfið eitthvað brugðist. Þú ferð inná skrifstofu hjá hámenntuðu fólki. Allt mjög fínt. Flottir stólar og borð. En vegna þess að maður er í þessu fagi þá hefur maður tilhneigingu til að líta upp á veggina — og þar hangir oftast drasl. Það hlýtur barasta að vanta eitthvað í menntun þjóðarinnar. Hún hefur sans á að segja sér hvað eru góðir og finir stólar en ekki vit á að segja sér hvað er góð eða vond myndlist.

— Það tekur kannski lengri tíma en eina öld að mennta heila þjóð í myndlist?

— Kannski.

Það er í rauninni mikil gróska í listum hér á landi. En mér finnst þessi gróska ekki haldast í hendur við gæðin og umræðuna. Myndlist er ekki eitthvað sem maður stundar á meðan maður horfir á sjónvarpið.

Mér virðast margir ekki gera nægar kröfur til sjálfs sín. Vera sjálfsgagnrýnislausir. Og jafnvel komast upp með það.

Ef maður er ekki nógur harður og óvæginn við sjálfan sig þá er auðvelt að gefast upp.

En auðvitað getur það líka verið auðvelt að fást við myndlist en það er erfitt að vera myndlistarmaður og ekki skánar það ef maður er metnaðargjarn og það í þágu málverksins.

Sjáðu til, ef maður trúir ekki á sig sjálfur getur maður ekki ætlast til að aðrir geri það.